

Mál nr. 388/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Viðtæk flutningstrygging.

Umfang tjóns. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 20. október 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V dags. 25. nóvember 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 26. nóvember 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M byggði hús og flutti inn útidyrhurð frá Póllandi haustið 2024. Við flutning til landsins varð hurðin fyrir tjóni. Hurðin var tryggð í viðtækri flutningstryggingu hjá V og gerði M kröfu um bætur úr þeirri tryggingu vegna tjónsins. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu úr flutningstryggingunni. M upplýsti V að hann hefði rætt við járnsmið sem upplýsti að viðgerð væri ekki raunhæf og því hafa aðilar átt í samskiptum um bætur vegna altjóns á hurðinni. M aflaði verðtilboðs í nýja hurð, án karms, að fjárhæð 8.740 PLN. Krafa M sundurliðast þannig að verðmæti hurðar er kr. 310.183 (m.v. gengi á tollskýrslu), flutningur kr. 196.150 og virðisaukaskattur kr. 117.514. Samtals er krafa M kr. 623.847. V hefur boðist til að greiða M kr. 521.826 en þá átti eftir að draga eigin áhættu að fjárhæð kr. 40.000 frá bótum. M var upplýstur um að greiðsla væri bundin því skilyrði að hin tjónaða hurð yrði afhent V. Því hafnaði M enda hefði hann þurft að setja hurðina í húsið til að loka því. Þá taldi hann að fjárhæðin dygði ekki til kaupa á nýrri hurð og benti jafnframt á að flutningskostnaður væri ekki fullbættur. Af hálfu V var því mótmælt og greiddi V að lokum kr. 270.000 til M þ.e. kr. 310.000 að frádregnum kr. 40.000 í eigin áhættu sem innborgun til M þar til hann skilar hurðinni til V. M krefst þess í fyrsta lagi að V útvegi nýja útidyrhurð í stað þeirrar sem tjónaðist. Til vara krefst M þess að V greiði fullar bætur fyrir fjártjón, samtals kr. 623.847. Til þrautavara krefst M þess að bætur verði ákveðnar kr. 422.341. M byggir á því að viðgerð hurðarinnar sé ekki raunhæf og að V hafi, samkvæmt skilmálum tryggingarinnar, val um að greiða bætur í peningum eða útvega sambærilegan hlut. M telur að synjun V á því að útvega nýja hurð samræmist hvorki skilmálum né markmiði bótaréttar. M telur að greiddar bætur bæti ekki fjártjón hans að fullu, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Þá liggi ekki fyrir fullnægjandi rökstuðningur V fyrir fjárhæð bóta, en samkvæmt gögnum málsins hafi flutningskostnaður verið vanmetinn og virðisaukaskattur ekki reiknaður með réttum hætti.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að bætur vegna farmtjóns skuli miðast við verðmæti tjónshlutar á tjónsdegi og að tollverð samkvæmt tollskýrslu endurspegli það verðmæti. Á þeim grundvelli hafi V boðið M bætur sem miðuðust við innkaupsverð hurðarinnar, flutningskostnað, virðisaukaskatt og vinnu við uppsetningu, að frádreginni eigin áhættu. V hafi ítrekað boðið M bætur gegn því skilyrði að hann afhenti félaginu skemmda hlutinn, enda áskilji V sér þann rétt samkvæmt gr. 15.4 skilmálanna þegar greitt sé fyrir hlutinn að fullu. M hafi hafnað þeim tilboðum og jafnframt hafnað því að afhenda hurðina. V byggir enn fremur á því að sönnunarbyrðin um umfang tjóns hvíli á M. Að mati V hafi M ekki lagt fram fullnægjandi gögn sem sýni að tjón hans sé meira en þær bætur sem félagið hafi boðið eða greitt. Þá hafi M ekki sýnt fram á að ekki sé unnt að gera við hurðina eða hver raunverulegur viðgerðarkostnaður væri. V bendir jafnframt á ákvæði gr. 15.6 skilmálanna um að tryggður skuli ekki hagnast á tryggingaratburði og að tryggingin bæti einungis raunverulegt tjón. Að mati V hafi þær bætur sem greiddar voru til M verið í samræmi við gögn málsins og jafnvel umfram það tjón sem M hafi sýnt fram á.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M að bótaþilboð V hafi ekki miðast við tollverð hurðarinnar heldur við innkaupsverð hennar að viðbættum virðisaukaskatti og vinnu. Tollverð sendingarinnar hafi náð til fleiri hluta en hurðarinnar, sem var langstærsti og verðmætasti hluti farmsins. M hafnar fullyrðingum V um skort á sönnun fyrir tjóni og áréttar að öll nauðsynleg gögn hafi verið lögð fram, þar á meðal upplýsingar um viðgerðarmöguleika að ósk V. Þá mótmælir M því að V hafi boðist til að greiða viðgerðarkostnað, enda hafi slík tilboð aldrei verið sett fram. M ítrekar því kröfur sínar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að fjárhæð bóta vegna tjóns sem varð á útidyráhurð í flutningi til landsins. V hefur viðurkennt bótaskyldu vegna tjónsins. Af gögnum og samskiptum aðila verður ráðið að aðilar eru sammála um að miða bæt看 við altjón á hurðinni. Samkvæmt skilmálum V, einkum gr. 15.1 og 15.4, skulu bæt看 miðast við verðmæti tjónshlutar á tjónsdegi. Þegar um altjón er að ræða er V heimilt að greiða bæt看 í peningum eða útvega sambærilegan hlut, enda áskilur félagið sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist hafi verið greitt fyrir hlutinn að fullu. V er skv. fyrrnefndu skilmálaákvæði þar með heimilt að hafna því að útvega sambærilegan hlut og getur M ekki gert kröfu um það. Fullnaðaruppgjör bóta samkvæmt skilmálunum er því háð því að tryggður skili hinum skemmda hlut til V og er V því einnig heimilt að halda eftir hluta bóta þar til M hefur skilað téðri hurð. M byggir kröfu sína á því að enduröflunarverð hurðarinnar, að meðtöldum flutningskostnaði og gjöldum, nemi hærri fjárhæð en þær bæt看 sem V hefur boðist til að greiða. Við mat á þeirri kröfu verður að leggja til grundvallar hvaða gögn liggja fyrir um raunverulegt fjártjón M. Af flutningsreikningi málsins verður ráðið að flutningskostnaður að fjárhæð kr. 196.150 tók til heildarsendingar sem var 600 kg og innihélt fleiri hluti en hina tjónuðu hurð. Samkvæmt farmskýrslu og tollskýrslu voru í sendingunni jafnframt aðrir byggingarhlutir og efni. Ekki liggja fyrir gögn sem sundurliða flutningskostnað eftir einstökum hlutum eða sýna fram á hvaða hluti hans hafi fallið á hurðina eina. Þá liggur ekki fyrir sönnun fyrir því að flutningur hurðar án karms hefði haft sama kostnað og flutningur allrar sendingarinnar. Við þessar aðstæður telur nefndin ekki unnt að leggja til grundvallar að allur sá flutningskostnaður sem M byggir kröfu sína á teljist til fjártjóns vegna hinnar tjónuðu hurðar. Þar sem virðisaukaskattur tekur m.a. mið af flutningskostnaði, leiðir skortur á sönnun um flutningskostnað jafnframt til óvissu um fjárhæð virðisaukaskatts. Samkvæmt almennum reglum vátryggingaréttar hvílir sönnunarbyrði um umfang tjóns á tjónþola. Nefndin telur að M hafi ekki sýnt fram á, með fullnægjandi gögnum, að raunverulegt fjártjón hans vegna hurðarinnar sé hærri en sú fjárhæð sem V hefur boðist til að greiða gegn afhendingu tjónshlutar, í samræmi við skilmála tryggingarinnar. Með hliðsjón af framangreindu, og að teknu tilliti til skilmála viðtækrar flutningstryggingar V, telur nefndin að ekki hafi verið sýnt fram á að M eigi rétt til frekari bóta en þær sem V hefur boðist til að greiða. Kröfum M um hærri bæt看 er því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á hærri bótum úr farmtryggingu sinni hjá V en þeim sem honum hefur þegar verið boðnar.

Reykjavík, 18. desember 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir